

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Rangárvelli.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 7. maí 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Rangárvelli.

Breytingin tekur til Rangárvalla og felur í sér að afmörkuð er ný 4.029 m² lóð, Rangárvellir 6.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Skipulagsráð Akureyrarbæjar samþykkti 26. júní 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Breytingin tekur til Norðurtanga 5 og felur í sér að byggingarreitur er stækkaður um 2 metra til vesturs.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og var ekki talin þörf á grenndarkynningu, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. ágúst 2024,

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.